

**Heiti áfanga: HÚSS 2AG05**

**Titill:** Grunnáfangi í hússtjórn.

**Staða áfanga:** Áfanginn er valáfangi á öllum brautum.

**Undanfarar:** Áfanginn hefur enga undanfara.

**Áfanginn er undanfari fyrir eftirfarandi áfanga:** HÚSS 3BF05

**Stutt lýsing á efni áfangans:****Næringarfræði:**

Megináhersla er lögð á næringarefni, -gildi, -þörf, -hlutverk og -skort. Niðurstöður nýrra rannsókna eru kynntar, fjallað er um manndismál þjóðarinnar, stuðst er við ýmsar greinar og næringarfræði bækur. Efnið er fléttað inn í verklegar kennslustundir.

Markmið: Að nemendur hafi þekkingu og færni til að setja saman máltíðir samkvæmt manndismarkmiðum og geti þannig tengt fræðilegan hluta næringarfræðinnar raunverulegum verkefnum.

**Verkleg þjálfun:**

Matreiddir eru fjölbreyttir réttir með ólíkum matreiðsluaðferðum. Áhersla er lögð á verklegt skipulag, áhaldafærni, hreinlæti og almenna borðsiði. Kenndar eru fjórar samfelldar kennslustundir seinnipart dags einu sinni í viku. Nemendur greiða efniskostnað.

Markmið: Að nemendur öðlist sjálfstæði í matseld og bakstri, geti tekist á við almennar uppskriftir og hagrætt eftir eigin sköpunarþörf. Að nemendur geti framreitt og skipulagt máltíð við ýmis tækifæri án aðstoðar.

**Námsmat:**

Námsmat byggir verkefnum, prófi í næringarfræði og mati í verklegum þætti.